

**Nd.**

**258. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá fjárveitinganefnd.

**1. gr.**

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóvember 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1933.
4. Framkvæmd laga nr. 63, 8. september 1931, um hýsing prestssetra, er frestað til ársloka 1933.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Fjárveitinganefndinni þykir sennilegt, eftir því útliti, sem nú er, að rikissjóður muni eiga erfitt um greiðslur á yfirstandandi ári. Fyrir því telur hún rétt að bera fram þetta frv., og munar þetta rikissjóð um nálægt 400000 kr. á ári, eftir undanfarinni reynslu og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið. Rikissjóð munar talsvert um þetta, og eins og ástatt er virðist tæpast unnt að komast hjá að létta í bili á rikissjóði ýmsum byrðum, enda þykist nefndin

hafa sýnt í verkinu þessa skoðun sína í brtt. þeim, er hún flytur við fjárlagafrv. fyrir árið 1933, og auk þess koma fyrir 3. umr. enn meiri brtt.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að lögin öðlist þegar gildi, en af því leiðir, að á árinu 1932 nýtur ríkissjóður einnig góðs af lögunum, að því leyti sem greiðslur samkvæmt 1. gr. hafa ekki farið fram að því er snertir yfirstandandi ár, þegar lögin öðlast gildi.